



Framhaldsskólinn
í Mosfellsbæ

KLARA

Upplýsingar um skólastarf í FMOS

Vorönn 2017

Kæri nemandi!

Ég býð þig hjartanlega velkomna/velkominn í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

Við starfsmennirnir höfum mikinn metnað fyrir þína hönd og viljum gera allt sem við getum til þess að aðstoða þig við að ná árangri í námi þínu en gerum jafnframt ráð fyrir að þú stundir námið af kostgæfni og leggir þig fram.

Í þessum bæklingi eru hagnýtar upplýsingar um skólastarfið ásamt helstu skólareglum. Vinsamlega lestu bæklinginn vel og kynntu þér skólareglurnar gaumgæfilega. Ef einhverjar spurningar vakna skaltu snúa þér til umsjónarkennarans þíns, náms- og starfsráðgjafa eða til skrifstofunnar.

Fyrir hönd starfsmanna FMOS,

Guðbjörg Aðalbergsdóttir, skólameistari

Skólinn

Skrifstofa

Síminn á skrifstofu skólans er: 412-8500

Opnunartími skrifstofu er sem hér segir:

Mánudaga til föstudaga: 8:15-12:15 og 12:55-16:00

Starfsmenn á skrifstofu eru **Halla V. Haraldsdóttir** skrifstofu- og fjármálastjóri (hallavh@fmos.is), **Ólafur Thoroddsen** umsjónarmaður fasteigna (olafur@fmos.is), Sólrún Ósk Gestsdóttir, skólaritari (solrun@fmos.is) og Agla Róbertsdóttir, skólaritari (agla@fmos.is).

Töflubreytingar til 6. janúar

Þeir nemendur sem vilja breyta stundatöflum sínum gera það rafrænt í Innu.

Stokkatöflu og lista yfir áfanga sem eru kenndir á vorönn 2017 er að finna á vef skólans, www.fmos.is.

Úrsögn úr áfanga

Á vorönn 2017 hafa nemendur frest til 26. janúar til að segja sig úr áföngum. Þeir sem óska eftir að segja sig úr áfanga eru beðnir um að snúa sér til til Guðrúnar aðstoðarskólameistara eða náms- og starfsráðgjafa. **Eftir 26. janúar hafa nemendur ekki leyfi til að hætta í áfanga og hafa skuldbundið sig til að ljúka áfanganum.** Komi upp einhverjar óviðráðanlegar aðstæður sem gera það að verkum að nemendur telja sig þurfa að hætta í áfanga eru þeir beðnir um að tala við náms- og starfsráðgjafa eða stjórnendur skólans.

Tölvukerfið

Vefur skólans

Á vef skólans, www.fmos.is má finna allar almennar upplýsingar um skólann og námið. Á forsíðunni birtast fréttir af því sem er á döfinni í skólastarfinu og þar er heimasvæði nemenda, vefpóstur og INNA aðgengilegt.

Heimasvæði nemenda

Á heimasvæði nemenda hafa nemendur aðgang að word, excel og fleiri forritum, og geta geymt öll rafræn gögn. Við hvetjum nemendur til þess að nota þetta svæði því þannig hafa þeir alltaf aðgang að öllum sínum gögnum burtséð frá því í hvaða tölvu er unnið hverju sinni og einnig eftir að þeir ljúka námi í FMOS.

INNA

Í INNU hafa nemendur aðgang að upplýsingum um sjálfa sig, geta fylgst með mætingum og námsferli. Þar nálgast nemendur einnig kennsluáætlanir og námsefni, fylgjast með skilaboðum frá kennurum, taka kannanir og próf, sækja og skila verkefnum svo eitthvað sé nefnt. Á val tímabilinu, (sjá dagatal annarinnar á heimasíðu), velja nemendur sjálfir áfanga fyrir næstu önn í gegnum INNU. Val nemenda jafngildir umsókn fyrir næstu önn þannig að velji nemandi ekki, er gengið út frá því að hann ætli ekki að vera áfram í skólanum. Nemendur bera sjálfir ábyrgð á því að skráningar sem þá varða séu réttar og eru hvattir til að láta vita af því telji þeir að skráningar séu rangar. **Sérstaklega er mikilvægt að netfangið sem nemendur eru með skráð í Innu sé virkt netfang sem er skoðað daglega. Sama á við um foreldra/forráðamenn nemenda yngri en 18 ára.**

Skólareglur

Hér fyrir neðan eru skólareglur FMOS og eru nemendur beðnir að kynna sér þær vandlega. Skólareglur eru einnig aðgengilegar á [vef skólans](#).

Almennar reglur

- Í skólanum gilda landslög sem skólareglur án þess að þeirra sé sérstaklega getið.
- Sýna ber háttvísi og þrúðmennsku í skólanum og alls staðar þar sem komið er fram í nafni hans.

Reglur um mætingar og verkefnaskil

- Nemendur skulu stunda námið af kostgæfni og skila verkefnum á réttum tíma og eftir settum reglum.
- Nemendum ber að mæta í allar kennslustundir samkvæmt stundatöflu. Kennarar skrá viðveru nemenda í kennslustundir og fylgst verður vel með mætingu og verkefnaskilum og nemendur krafðir skýringa á lélegri ástundun. **Nemendur sem mæta vel og eru með 90% raunmætingu eða meira á önninni fá eina einingu fyrir mætingu.**
- Séu nemendur fjarverandi úr skóla gilda ákveðnar reglur um hvernig taka skal á slíkum fjarvistum eftir því hver ástæða fjarvistanna er. Geti nemandi ekki sótt skóla vegna veikinda eða af öðrum ástæðum **skal tilkynna forföllin daglega** á skrifstofu skólans. Nauðsynlegt er að foreldrar eða forráðamenn tilkynni veikindi nemenda yngri en 18 ára. **Læknisvottorði skal skila inn til skrifstofu fyrir alla veikindadaga umfram fjóra daga í hverjum mánuði.**
- Sé mætingu og verkefnaskilum nemenda ábótavant ræðir kennari við nemandann og reynir að fá hann til að bæta sig. Batni staða nemandans ekki ræðir umsjónarkennari við nemandann, og forráðamenn hans ef hann er yngri en 18 ára, og reynir að grafast fyrir um það hvers vegna hann stundar ekki námið eins og til er ætlast.

- **Brjótí nemandi reglur þessar ítrekað getur hann átt á hættu að vera vísað úr skóla. Eftirfarandi ferli fer í gang við ítrekuð brot:**
- Nemandi, og forráðamenn hans ef hann er yngri en 18 ára, fær senda skriflega áminningu og er boðin aðstoð frá náms- og starfsráðgjafa.
- Nemandanum gerð grein fyrir því að ef hann bætir sig á viðkomandi önn sé ekki fleiri aðgerða þörf. Verði staðan áfram slæm til enda annarinnar er nemandinn tekinn inn í skólann á næstu önn með skilyrðum og gert við hann skriflegt samkomulag um betri mætingar og verkefnaskil.
- Brjótí nemandinn samkomulagið verður honum ekki boðin áframhaldandi skólavist á næstu önn.
- Ef nemendur eru ósáttir við meðferð sinna mála geta þeir vísað málinu til skólaráðs og sótt skólann þar til niðurstaða skólaráðs er fengin.
- **Lágmarksframvinda náms í skólanum er að nemendur verða að ljúka að minnsta kosti 15 einingum á önn.**
- Skólaráð getur í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá reglum þessum.

Umgengisreglur

- Ætlast er til að nemendur sýni góða umgengni í skólanum og á lóð hans.
- Myndatökur og dreifing mynda af fólki í skólanum er ekki leyfð, nema með samþykki viðkomandi. Hópmyndir af viðburðum á vegum skólans eru þó leyfðar, en einstaklingar geta alltaf beðið stjórnendur um að myndir af þeim séu ekki birtar.
- Nemendur gæti þess vandlega að farsímar þeirra valdi ekki truflun á vinnufriði í skólanum.
- Matar og drykkjar má einungis neyta í matsalnum á 1. hæð.
- Auglýsingar varðandi skólahald og félagslíf nemenda eru leyfðar á veggjum skólans. Utanaðkomandi sem vilja auglýsa í skólanum eru beðnir um að hafa samband við skrifstofu.
- Spjöll sem nemendur kunna að vinna á húsnaði skólans eða öðrum eigum hans ber þeim að bæta að fullu.
- Öll meðferð áfengis og annarra vímuefna er stranglega bönnuð í skólanum og á samkomum og ferðalögum á vegum hans.
- Reykingar og önnur tóbaksnotkun er bönnuð í skólanum og á lóð hans.

Tölvureglur

Nemendur fá aðgang að internetinu og þráðlaust tölvunet er til staðar í skólanum. Skólinn er tengdur FS-neti sem er háhraðanet fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar á Íslandi. Nemendum er bent á að lesa reglur FS-nets á <http://www.fsnet.is/> undir Reglur FSnets. Til viðbótar setur skólinn eftirfarandi reglur um notkun netsins og þær gilda hvort sem notaðar eru eigin fartölvur nemenda eða tölvur skólans:

- Tölvubúnaður Framhaldsskólans í Mosfellsbæ er eign skólans og hann á aðeins að nota í viðfangsefni sem tengjast skólastarfinu svo sem við kennslu, kynningar eða á annan hátt er samræmist markmiðum skólans.
- Notendanafni og lykilorði notenda er óheimilt að deila með öðrum og nemandi má einungis nota sitt notendanafn á tölvuneti skólans. Handhafi notendanafns er ábyrgur fyrir allri notkun þess.
- Nemandi er óheimilt að setja upp hugbúnað á tölvur skólans eða á neinn hátt breyta uppsetningu tölvubúnaðar.
- Nemendum er óheimilt að afrita hugbúnað, tónlist, kvikmyndir eða önnur gögn sem eru vernduð höfundarrétti nema ef fyrir liggur leyfi eigenda.
- Nemendum er bannað að senda óviðeigandi efni með tölvum skólans hvort heldur er í tölvupósti, á vefsíður eða með öðrum verkfærum. Hér er átt við fjölsendingar (keðjubréf, ruslpóst), ósiðlegt efni, og annað sem getur verið særandi eða meiðandi.
- Nemendum er óheimilt að fjarlægja vélbúnað, hugbúnað eða að afrita nokkur gögn sem eru á tölvuneti skólans, nema eigin gögn.
- Óheimilt er að nota net skólans til að reyna að komast ólöglega inn á netsvæði eða tölvur annarra.
- Óheimilt er að vera með matvæli í nálægð við tölvubúnað skólans.

Ítrekuð eða alvarleg brot á reglum þessum geta leitt til brottvísunar og brot sem varða við landslög verða kærð til lögreglu.

Viðurlög

- Brjótir nemendur reglur skólans fá þeir munnlega ábendingu eða áminningu, við alvarlegri brot fá þeir formlega, skriflega áminningu og við ítrekað eða mjög gróft brot er nemendum vísað úr skóla.

Vanþekking á reglum leysir nemendur ekki undan ábyrgð.

Nemendapjónusta

Matur - matartímar

Í mótuneyti FMOS er hollur og fjölbreyttur matur í boði fyrir nemendur á hóflegu verði. Bæði er vikumatseðill og fastur matseðill. Á vikumatseðlinum er að finna heitar máltíðir og er nýr matseðill birtur fyrir viku í einu. Á fasta matseðlinum er m.a. að finna samlokur, skyrdrykki o.fl. Í mótuneytinu er

einnig aðstaða fyrir nemendur sem vilja koma með nesti, s.s. grill, brauðrist og örbylgjuofn. **Öll neysla matar fer fram í matsalnum og er með öllu bönnuð í kennsluklösum og öðrum rýmum hússins.**

Nánari upplýsingar um starfsemi mötuneytisins er að finna á [vef skólans](#).

Skápar

Nemendur geta leigt skápa til að geyma eitur sínar í. Skáparnar eru á 1. hæð og leigan er kr. 1.500. Þegar skápnun er skilað fá nemendur kr. 1.000 endurgreitt. Sótt er um skápaleigu á skrifstofunni.

Tölvusamningar

Þeir nemendur sem ekki eiga fartölvur til að nota í skólanum hafa möguleika á að fá lánaðar tölvur skólans. Skilyrði er **að nemandi (og forráðamaður ef nemandi er yngri en 18 ára) skrifi undir samning um að fara í einu og öllu eftir reglum um lán á fartölvum skólans**. Skólinn á þó mjög fáar tölvur og því eru nemendur hvattir til að koma sjálfir með fartölvur, þar sem kennslan í FMOS byggist töluvert mikið á tölvunotkun.

Umsjónarkennarar

Nemendur í tveimur yngstu árgöngunum hverju sinni hafa skráðan umsjónarkennara. Hægt er sjá hver hann er á INNU og á stundatöflu. Hlutverk umsjónarkennarans er m.a. að fylgjast með skólagöngu nemenda og veita aðstoð og leiðsögn um hvaðeina sem viðkemur námi nemenda og gengi í skólanum. Umsjónarkennarinn fylgist með ástundun nemenda, bæði mætingu og verkefnaskilum, hvetur nemendur til að stunda námið af kostgæfni og leitar leiða til að aðstoða þá ef þeir þurfa. Umsjónarkennarinn er í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa og stjórnendur um lausnir fyrir nemendur sem þurfa umfangsmeiri aðstoð.

Eldri nemendum er bent á að leita til náms- og starfsráðgjafa ef þeir þurfa aðstoð og útskriftarnemendum er bent á að hafa samband við Guðrúnu aðstoðarskólameistara.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjafar skólans eru **Inga Þóra Ingadóttir** og **Svanhildur Svavarsdóttir** og er skrifstofa þeirra á 1. hæð skólans. Náms- og starfsráðgjafar eru málsvarar og trúnaðarmenn nemenda innan skólans og er þjónustan fyrir **ALLA** nemendur hans.

Opnunartímar náms- og starfsráðgjafar:

Mánudagur:	8:30-16:00
Þriðjudagur:	8:30-16:00
Miðvikudagur:	8:30-16:00
Fimmtudagur:	8:30-14:15
Föstudagur:	8:30-15:30

Hægt er að panta viðtal með því að koma við á skrifstofu náms- og starfsráðgjafa, hringja í síma 412-8500 eða senda tölvupóst á netföngin ingathora@fmos.is eða svanhildur@fmos.is

Náms- og starfsráðgjafar FMOS eru á facebook ([Námsráðgjöf FMOS](#)) og eru nemendur skólans hvattir til að gerast vinir ráðgjafarinnar. Ætlunin er að setja inn upplýsingar tengdar náms- og starfsráðgjöf.

Nánari upplýsingar er að finna á [vef skólans](#).

Nemendur eru alltaf velkomnir!

Bókasafn

Skólinn er í samstarfi við Bókasafn Mosfellsbæjar um bókasafnsþjónustu. Nánari upplýsingar hjá kennurum. Orðabækur og ýmsar handbækur, auk kennslubóka, verða þó aðgengilegar í kennsluklösunum og/eða á skrifstofu skólans. Auk þess er aðgangur að orðabókavefnum www.snara.is opinn fyrir nemendur á meðan þeir eru í skólanum.

Heilsugæsla

Skólinn er í samstarfi við Heilsugæsluna í Mosfellsbæ um heilbrigðisþjónustu. Nemendur skólans geta leitað þangað eftir nauðsynlegri læknaþjónustu. Nánari upplýsingar eru hjá heilsugæslunni í síma 510-0700.

Félög

Nemendafélag FMOS

Nemendafélagið skipuleggur m.a. félagslíf nemenda skólans og heldur úti [vefsíðu félagsins](#).



Facebook síða nemendafélagsins:

Foreldrafélag FMOS

Foreldraráð er starfandi við skólann. Hlutverk ráðsins er fyrst og fremst að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og í samstarfi við skólann efla samstarf foreldra og forráðamanna ólögráða nemenda við skólann. Foreldraráð tilnefnir einn áheyrnarfulltrúa í skólanefnd.

Teikningar af stofuskipan í skólahúsnæðinu





